

eign Húsgagnaverzlunar Guðmundar Guðmundssonar s/f telst í þessu sambandi kr. 33.740.00 (35.420.00 + 1.680.00). Stefnandi á 80/100 hluta þessa fyrirtækis, og nemur því eign hans í því kr. 26.992.00. Hrein eign Húseignarinnar Laugavegs 166 s/f telst í þessu sambandi kr. 574.212.00, og þar sem stefnandi á 80/100 hluta þess fyrirtækis, nemur eign hans í því kr. 459.369.00.

Grunnskattteign stefnanda nemur því kr. 1.245.930.00 (759.569.00 + 26.992.00 + 459.369.00).

Hrein eign Trésmiðjunnar Víðis h/f telst í þessu sambandi kr. 185.479.00 (214.794.00 + 7.484.00 + 21.831.00). Hlutafé félagsins er kr. 60.000.00, og á stefnandi af því kr. 52.000.00. Hlutafjárverðmæti stefnanda í félaginu telst því kr. 160.748.00, að viðbættu nafnverði hlutabréfa hans, kr. 52.000.00, eða alls kr. 212.748.00.

Heildareign stefnanda við ákvörðun stóreignaskattsins telst því alls kr. 1.458.678,00 (1.245.930.00 + 212.748.00).

Samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 reiknast stóreignaskattur stefnanda af þessari eign kr. 186.735.00, þar af vegna hlutafjáreignar hans í Trésmiðjunni Víði h/f kr. 42.549.00, sbr. ákvæði 1. málslíðs 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 og b-liðs 4. gr. laga nr. 59 frá 1950.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þenna sem setuborgardómari samkvæmt umboðsskjali, dags. 23. apríl s.l., en með úrskurði uppkveðnum 18. apríl s.l. hafði hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, vikið sæti í máli þessu.

Dómsorð:

Stóreignaskattur stefnanda, Guðmundar Guðmundssonar, er réttlæga ákveðinn kr. 186.735.00, þar af kr. 42.549.00 vegna hlutafjáreignar hans í Trésmiðjunni Víði h/f.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 17. október 1952.

Nr. 78/1952. **Ákærvaldið** (Magnús Thorlacius)

gegn

Jónasi Þórði Guðjónssyni (Ragnar Ólafsson).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið háð frekari rannsókn vegna skaðabótakrafna Jensínu Jóhannesdóttur og Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða, frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans, sviptingu réttinda og málskostnað. Sama máli gegnir um ákvæði héraðsdóms um skaðabætur til handa s/f Hreyfli, kr. 200.00, Jensínu Jóhannesdóttur, kr. 500.00, og h/f Pípuverksmiðjunni, kr. 1500.00. Með staðfestum framburði starfsmanna Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, þeirra Hilmars Pálssonar og Guðfríðar Jóhannesdóttur, þykja rök færð fyrir skaðabótakröfu kaupfélagsins. Verður ákærða því dæmt að greiða þá fjárhæð, kr. 1710.64.

Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Héraðsdómari hefur að mestu leyti látið nægja próf lögreglumanna í máli þessu, en ekki prófað sakaratriði sjálfstætt. Þá er og mjög áfátt rannsókn á skaðabótakröfum þeim, sem hafðar hafa verið uppi í málinu. Brýtur þessi málsmeðferð í bága við 73. gr., 75. gr., 77. gr. og 145. gr. laga nr. 27/1951, og ber að átelja það.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Jónasar Þórðar Guðjónssonar, frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans, sviptingu réttinda og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði s/f Hreyfli kr. 200.00, Jensínu Jóhannesdóttur kr. 500.00, Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis kr. 1710.64 og h/f Pípuverksmiðjunni kr. 1500.00.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Magnúsar Thorlacius og Ragnars Ólafssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. marz 1952.

Ár 1952, föstudaginn 28. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara,

keðinn upp dómur í málinu nr. 998/1952: Ákærvaldið gegn Jónasi Þórði Guðjónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Í máli þessu er Jónas Þórður Guðjónsson verkamaður, Mávahlið 31 hér í bæ, ákærður fyrir að hafa framið þjófnað:

1. Með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 10. október f. á. brotízt inn í Litlu kaffistofuna við Geirsgötu og stolið þar 5—6 krónum í peningum og nokkru af vindlingum og vindlum.
2. Með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 8. des. f. á. brotízt inn í Pípuverksmiðjuna við Rauðarárstíg í því skyni að fremja þjófnað og tekið þar 10 krónur í smápeningum.
3. Með því að hafa hinn 23. des. f. á. stolið smekkláslykli úr dyrum verzlunarinnar Krónunnar í Mávahlið, og hafa nóttina eftir farið með hjálp lykilsins inn í verzlunina og stolið þar 2—3 kartonum af vindlingum.
4. Með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 13. febr. s.l. brotízt inn í verzlun Júlíusar Everts, Lækjargötu 8, og stolið þar 60 krónum í peningum og nokkru af vindlingum.
5. Með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 21. febr. s.l. brotízt inn í benzinafgreiðslu Nafta við Kalkofnsveg og stolið þar litlum peningakassa með 50 krónum í.
6. Með því að hafa að kvöldi þriðjudagsins 26. febr. s.l. brotízt inn í verzlun KRON í Kópavogi og stolið þar nokkru af peningum úr kassa-apparati svo og nokkru af vindlum, vindlingum og rjóma.
7. Með því að hafa að kvöldi þriðjudagsins 4. þ. m. brotið rúðu í dyrum verzlunarinnar Valencia við Njálsgötu í því skyni að fara þar inn og stela vindlingum.

Er hann ákærður til refsingar samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. hvað snertir tl. 7, til sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr. sömu laga og til greiðslu skaðabóta og málskostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 1. janúar 1923, hefur áður sætt þessum kærnum og refsingum:

1939 17/5 Áminning fyrir steinkast.

1940 29/3 Kærður fyrir ölvun og óknytti. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1941 23/4 Sátt: 5 króna sekt fyrir akstur á ljóslausu reiðhjólí.

1945 4/1 Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 9/7 Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 13/7 Sátt: 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 15/8 Sátt: 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1950 28/1 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

1950 20/9 Sátt: 150 króna sekt fyrir ölvun og óspektir.

1950 5/10 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

1951 23/11 Sátt: 75 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 17. gr. áfengislaga.

1952 1/3 Sátt: 75 króna sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum er sannað, að ákærði hefur framið afbrot þau, er nú skal greina:

1. Aðfaranótt miðvikudagsins 10. október f. á. brauzt ákærði inn í Litlu

kaffistofuna við Geirsgötu hér í bæ, þannig að hann gekk á hurðina, unz dyrakarmurinn lét undan og hurðin opnaðist. Hann kveðst hafa tekið þarna 5—6 krónur í peningum og alla vindlinga, er hann fann, samtals 4 heil karton (40 pk.) af Wellington-vindlingum. Eigandi kaffistofunnar, Jensína Jóhannesdóttir, segir mun meira af vindlingum hafa verið tekið eða um 10 karton, en því neitar ákærði eindregið, og þykir eftir atvikum verða að leggja til grundvallar framburð hans. Jensína hefur krafizt bóta, sem svarar andvirði 10 kartona af Wellington-sigarettum, kr. 625.00, og kr. 250.00 fyrir skemmdir, er urðu við innbrotið. Ákærði hefur samþykkt síðari liðinn, en krafizt lækkunar á hinum fyrri í kr. 250.00, þ. e. andvirði 4 kartona af sigarettum. Verður hann samkvæmt framansögðu ekki dæmdur til að greiða hærri upphæð.

2. Aðfaranótt laugardagsins 8. des. f. á. brautz ákærði inn í Pípuverk-smiðjuna við Rauðarárstíg. Braut hann rúðu í hurð og opnaði því næst smekklásinn og komst þannig inn. Því næst stakk hann upp dyr að skrifstofu á 1. hæð, rótaði þar öllu og hirti um 10 krónur í smápeningum úr skúffu í skrifborði. Hann reyndi að opna peningaskáp í skrifstofunni, en tókst ekki. Ákærði brautz einnig inn í skrifstofu á 2. hæð, braut þar upp skrifborð og rótaði í því, en fann ekkert, er hann girntist, utan nokkrar smámyndir. Frá Pípuverk-smiðjunni h/f hefur komið fram bótakrafa, að upphæð kr. 1500.00, fyrir spell, er urðu við innbrotið, og hefur ákærði samþykkt kröfuna.

3. Á Þorlákssmessukvöld kom ákærði inn í verzlunina Krónuna í Mávalíð 25. Sá hann, að smekkláslykill stóð í búðarhurðinni, og stakk honum á sig. Eftir miðnætti, er verzluninni hafði verið lokað, fór ákærði inn í verzlunina og stal þar ca 25 krónum úr peningaskúffu og 2—3 kartonum af sigarettum. Skaðabótakrafa kom ekki fram vegna þessa þjófnaðar.

4. Aðfaranótt miðvikudagsins 13. febr. s.l. var ákærði drukinn á ferð um Lækjargötu og brautz þá inn í verzlun Júlíusar Everts í Lækjargötu 8. Braut hann rúðu í aðalrym verzlunarinnar og opnaði síðan smekklásinn. Úr ólæstri skúffu tók ákærði 60 krónur í smápeningum, og einnig tók hann að eigin sögn tvær lengjur (20 pk.) af vindlingum. Bótakrafa kom ekki fram vegna þessa þjófnaðar.

5. Aðfaranótt fimmtudagsins 21. febrúar brautz ákærði inn í benzín-afgreiðslu h/f Hreyfils við Kalkofnsveg. Tók hann þar lítinn peningakassa, er í voru 50 krónur. Bótakröfu Hreyfils, 200 krónur vegna þjófnaðarins og spella, er urðu við innbrotið, hefur ákærði samþykkt.

6. Að kvöldi þriðjudagsins 26. febrúar fór ákærði suður í Fossvog að verzlun KRON í því skyni að brjótast inn. Hann sá börn hjá verzluninni og hætti við að fara þar inn og hélt áfram að búð KRON í Kópavogi. Braut hann rúðu í dyrum verzlunarinnar og fór inn. Hann tók þarna nokkuð af peningum úr kassa, enn fremur nokkuð af vindlingum. Að eigin sögn tók hann í peningum 135 krónur og af vindlingum 6 lengjur (1 Chesterfield, 1 Wellington, 1 Lucky Strike, 3 Raleigh), 2 pakka af vindlum og 3 pelaflöskur af rjóma. Aftur á móti er því haldið fram af hálfu verzlunarinnar, að horfið hafi 13 lengjur af sigarettum, í peningum

kr. 320.14, 2 kassar vindlar, 4 rjómapelar og auk þess kex og konfekt. Gegn eindreginni neitun ákærða, sem hefur greiðlega játað brot sín, eftir að fyrst komst upp um hann (sbr. 7. hér á eftir), þykir ekki sannað, að ákærði hafi tekið svo mikið, sem haldið hefur verið fram. Af hálfu KRON hefur verið gerð þessi skaðabótakrafa:

1. Fyrir vindlinga, 10 karton á 98/—	kr. 980.00
2. Fyrir vindlinga, 1 karton á 63/50	— 63.50
3. Fyrir vindlinga, 2 karton á 90/—	— 180.00
4. Fyrir 2 kassa vindla 73/20	— 146.40
5. Fyrir 4 flöskur rjóma m/gleri 8/10	— 32.40
6. Fyrir kex og konfekt	— 60.00
7. Fyrir rúðu og ísetningu	— 158.30
8. Peningar	— 320.14

Samtals kr. 1940.74

Til frádráttar komi svo andvirði 26 pakka af sigarettum, er skilað var undir rannsókn málsins, kr. 230.10. Bótakrafan er því kr. 1710.64.

Ákærði samþykkir bótakröfuna, að því leyti sem hér segir:

1.—3. 6 karton af sigarettum	kr. 529.50
4. 2 kassar vindlar	— 146.40
5. 3 flöskur rjóma	— 24.30
7. Rúða etc.	— 158.30
8. Peningar	— 135.00

Kr. 993.50

Frádráttur — 230.10

Kr. 763.40

Lið 6 mótmælir hann algerlega.

Verður ákærði samkvæmt framansögðu ekki dæmdur til að greiða hærri bætur en hann hefur samþykkt.

7. Að kvöldi þriðjudagsins 4. þ. m. gerði ákærði tilraun til þjófnaðar í verzluninni Valencia við Njálsgötu. Hann braut rúðu í dyrum verzlunarinnar með steini og skarst við það nokkuð á hendi. Eigandi verzlunarinnar varð var við innbrotið og fór ásamt fleiri mönnum, og tóku þeir ákærða, áður en hann tók nokkuð, og gerðu lögreglunni aðvart. Ákærði kveður ætlun sína hafa verið að ná í vindlinga.

Ákærði hefur með framangreindu atferli brotið þau ákvæði laga, er í ákæru greinir. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði. Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði var hafður í gæzluvarðhaldi 5.—20. þ. m. eða 15 sólarhringa, og ber að draga þessa gæzluvarðhaldsvist hans með fullri dagatölu frá refsingu hans samkvæmt 76. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærða ber að dæma til skaðabótageiðslu, svo sem áður var rakið.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Þórður Guðjónsson, sæti fangelsi 8 mánuði. Gæzluvarðhaldsvist hans komi refsingunni til frádráttar.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Jensinu Jóhannesdóttur kr. 500.00, Pipuverksmiðjunni h/f kr. 1500.00, Hreyfli s/f kr. 200.00 og Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis kr. 763.40 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. október 1952.

Nr. 92/1951. **Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) f. h. The Performing Right Society Ltd., London, vegna Cedric Thorpe Davie's** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Hafliða Halldórssyni, Önnu Pálsdóttur, Hilmari Garðars og Gamla Bíó h/f og gagnsök
(Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Tónskáldi dæmd þóknun vegna flutnings tónverka hans með kvikmynd.

Dómur Hæstaréttar.

Það athugast, að Kristín Hafliðadóttir, sem í héraði er talin meðal málsaðilja, er látin.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júlí 1951. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að gagnáfrýjendur verði dæmt að greiða honum málskostnað in solidum fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 27. september 1951. Krefjast þeir þess, að sýknað verði af refsikröfum aðaláfrýjanda svo og að Gamla Bíó h/f verði